

# FÉLAGSDÓMUR

Dómur föstudaginn 15. desember 2023.

**Mál nr. 10/2023:**

**Félag íslenskra náttúrufræðinga**

(Jón Sigurðsson lögmaður)

gegn

**Íslenska ríkinu vegna Landspítala**

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

**og til réttargæslu Lyfjafræðingafélagi Íslands**

(Halldór Kr. Þorsteinsson lögmaður)

## Dómur Félagsdóms

Mál þetta var dómtekið 21. nóvember sl.

Málið dæma Ásgerður Ragnarsdóttir, Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Guðmundur B. Ólafsson og Jónas Friðrik Jónsson.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 27 í Reykjavík.

Stefndi er Íslenska ríkið vegna Landspítala. Þá er Lyfjafræðingafélagi Íslands, Safnartröð 3 á Seltjarnarnesi, stefnt til réttargæslu.

### Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að hann fari með samningsaðild fyrir A, kt. [...], við gerð kjarasamninga við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna starfa hennar sem lyfjafræðingur hjá Landspítala.
- Stefnandi krefst jafnframt viðurkenningar á að kjarasamningur stefnanda og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins 28. febrúar 2018, sem var endurnýjaður með samkomulagi 2. apríl 2020 og 4. apríl 2023, gildi um laun og kjör A hjá Landspítala frá 1. apríl 2023, en til vara frá öðru og síðara tímamarki að mati dómsins.
- Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

### Dómkröfur stefnda og réttargæslustefnda

- Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.
- Réttargæslustefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda.

### Málavextir

- Mál þetta verður rakið til ágreinings um hvort stefnandi geti farið með samningsaðild fyrir A, sem starfar sem lyfjafræðingur hjá Landspítalanum, og hvort kjarasamningur stefnanda og stefnda skuli gilda um kjör hennar. Í ráðningarsamningi starfsmannsins og Landspítala frá 25. júlí 2018 kemur fram að hún sé ráðin í 100% starf sem

lyfjafræðingur og skuli hefja störf 2. janúar 2019. Í samningnum er Lyfjafræðingafélag Íslands, sem hefur verið stefnt til réttargæslu, tilgreint sem stéttarfélag og tekið fram að um „launagreiðslur, launaflokk, starfsaldur til launa og önnur starfskjör“ fari eftir samningum og kjarasamningi fyrrgreinds stéttarfélags. Þá er tekið fram að til grundvallar ráðningarsamningnum liggi lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og fyrrgreindur kjarasamningur réttargæslustefnda og stefnda.

- 7 A var félagsmaður í réttargæslustefnda fram til 1. júlí 2021. Þann dag var umsókn hennar um aðild að stefnanda samþykkt og úrsögn úr réttargæslustefnda móttækin án athugasemda. Sama dag átti starfsmaðurinn í samskiptum við mannauðssvið Landspítalans vegna breyttrar stéttarfélagsaðildar, en hún taldi að kjarasamningur stefnanda og stefnda ætti að gilda um kjör sín. Lýsti Landspítalinn þeirri afstöðu sinni að ráðningarsamningi starfsmannsins yrði ekki breytt nema með uppsögn. Þá væri í gildi kjarasamningar milli Landspítala og réttargæslustefnda um störf lyfjafræðinga sem spítalanum bæri að virða, en önnur stéttarfélög hefðu ekki samið um kjör lyfjafræðinga.
- 8 Með tölvuskeyti 8. september 2022 fór A fram á að Landspítalinn viðurkenndi að stefnandi færi með samningsumboð fyrir hana og að kjarasamningur stefnanda gildi um laun hennar og önnur kjör. Afstaða Landspítala var ítrekuð með tölvuskeyti sama dag. Starfsmaðurinn ítrekaði erindi sitt 16. mars 2023 og vísaði Landspítalinn til fyrri afstöðu.
- 9 Ágreiningnum var vísað til samstarfsnefndar stefnanda og Landspítala 24. mars 2023. Sama dag sendi stefnandi Landspítalanum erindi þar sem farið var fram á staðfestingu á samningsumboði stefnanda og að um launa- og starfskjör A færi eftir kjarasamningi stefnanda og stefnda. Kröfum stefnanda var hafnað með bréfi Landspítalans 17. maí 2023.

#### **Málsástæður og lagarök stefnanda**

- 10 Stefnandi byggir á því að A eigi lögvarinn rétt til að vera félagsmaður hans. Stefnandi fari sem stéttarfélag með samningsaðild við stefnda vegna félagsmannsins, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Beri því að viðurkenna að kjarasamningur stefnanda og stefnda frá 28. febrúar 2018, með síðari breytingum, gildi um laun og kjör félagsmannsins frá 1. apríl 2023.
- 11 Stefnandi vísar til þess að með framgöngu Landspítalans hafi umræddur starfsmaður verið skikkuð til aðildar að réttargæslustefnda gegn vilja hennar. Vinnuveitendur geti ekki krafist starfsmenn um að eiga aðild að tilteknu stéttarfélagi eða ákveðið slíkt einhliða.
- 12 Samkvæmt 2. gr. laga stefnanda sé hlutverk félagsins meðal annars að vinna að bættum kjörum félagsmanna og að gera kjarasamninga fyrir þeirra hönd. Stefnandi hafi staðfest félagsaðild umrædds starfsmanns 1. júlí 2021 og sama dag hafi

réttargæslustefndi móttakið úrsögn hennar. Staðhæfingar stefnda um að starfsmaðurinn geti ekki breytt um félagsaðild þar sem ráðningarsamningur kveði á um aðild að réttargæslustefnda séu fráleitar og í andstöðu við stjórnarskrárvarin réttindi hennar, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

- 13 Stefnandi vísar til þess að A sé félagsmaður hans og fari stéttarfélagið með fyrirsvor við gerð kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, þar með talið fyrir þá sem starfi á Landspítalanum sem lyfjafræðingar. Hafi stefnandi samið við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs um kaup og kjör lyfjafræðinga sem eigi aðild að stéttarfélaginu vegna starfa þeirra hjá hinu opinbera, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/1986. Þá hafi stefnandi á grundvelli kjarasamningsins gert stofnanasamning við Landspítala 22. maí 2018. Stofnanasamningurinn nái til alls starfsfólks á Landspítala sem njóti kjara samkvæmt gildandi kjarasamningi og sé ekki takmarkaður við tiltekin starfsheiti eða starfsstéttir.
- 14 Stefnandi tekur fram að samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 fari aðeins eitt félag með umboð til samninga fyrir A og sé það stefnandi. Ekkert hindri að fleiri stéttarfélög fari með samningsumboð starfsmanna sem starfi innan sömu starfsstéttar, að því gættu að einungis eitt félag fari með slíkt umboð vegna hvers starfsmanns. Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 sé tekið fram að eingöngu geti eitt stéttarfélag haft rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitandann fyrir sömu starfsstétt. Í dómaframkvæmd hafi verið viðurkennt að fleiri en eitt stéttarfélag fari með samningsumboð fyrir sama starfið. Talið hafi verið leiða af 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, að ný stéttarfélög geti öðlast samningsumboð um störf sem annað stéttarfélag hafi samið um, eftir að gildistími kjarasamnings rennur út. Þá geti vinnuveitandi ekki ákveðið að allt starfsfólk sem sinni tilteknum störfum skuli vera í sama stéttarfélaginu. Af þessu leiði að jafnvel þótt að tiltekinn hópur lyfjafræðinga sem starfa hjá ríkinu séu meðlimir í réttargæslustefnda takmarki það í engu rétt stefnanda til samningsumboðs fyrir þann starfsmann sem um ræðir, enda sé í gildi kjarasamningur vegna félagsmanna stefnanda sem starfa hjá Landspítalanum.
- 15 Stefnandi telur þá afstöðu stefnda að hafna því að viðurkenna samningsumboð hans ganga gegn félagafrelsisákvæði 74. gr. stjórnarskrár, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Félagafrelsi nái meðal annars til réttar einstaklings til að láta til sín taka í starfsemi félagsins, þar með að fela stéttarfélagi umboð til gerðar kjarasamnings. Starfsmenn verði ekki þvingaðir til að fela stéttarfélagi, sem þeir tilheyra ekki, umboð til að gera kjarasamninga fyrir sína hönd, án skýrrar og ótvíræðrar lagaheimildar. Slíka lagaheimild skorti í þessu máli.
- 16 Stefnandi byggir á því að stefndi hafi í reynd fallist á stefnukröfur með því að viðurkenna rétt einstakra lyfjafræðinga sem starfi í ýmsum ríkisstofnunum, þar með talið Landspítala, til þess að vera meðlimir í stefnanda og að um kjör þeirra gildi kjarasamningar stefnanda. Hafi stefndi því einnig viðurkennt að tvö stéttarfélög geti farið með samningsumboð vegna starfsmanna innan sömu starfsstéttar. Með bréfi Landspítalans 17. maí 2023 hafi stefndi viðurkennt að hafa í nokkrum tilvikum samið

við fleiri en eitt stéttarfélag um sömu eða sambærileg störf. Alls séu um 70 lyfjafræðingar félagsmenn í stefnanda. Þar af starfi um átta sem lyfjafræðingar hjá hinu opinbera og sjö þeirra hjá stefnda, en um laun þeirra gildi kjarasamningur stefnanda og stefnda. Einn starfi hjá Hafrannsóknastofnun, þrjár hjá Landspítala, einn hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, einn hjá Háskóla Íslands og einn hjá Lyfjastofnun. Þá hafi Landspítalinn einnig viðurkennt í verki að lyfjafræðingar sem þar starfa geti verið félagsmenn í stefnanda og kjarasamningur stefnanda gilt um laun þeirra. Fyrir utan A starfi hjá Landspítala þrjár lyfjafræðimenntaðir einstaklingar sem taki laun samkvæmt kjarasamningi stefnanda. Tveir þeirra hafi starfsleyfi sem lyfjafræðingar og starfi annar þeirra við rannsóknir á rannsóknarkjarna Landspítala, en hinn við lyfjaframleiðslu geislavirkra efna fyrir jáeindaskanna á Landspítalanum.

- 17 Stefnandi styður kröfu um viðurkenningu á að kjarasamningur hans og stefnda frá 28. febrúar 2018, með síðari breytingum, gildi um laun og kjör A við 4. gr. laga nr. 94/1986. Þegar krafa starfsmannsins var sett fram hafi verið í gildi kjarasamningur réttargæslustefnda og stefnda frá 6. maí 2020 og hafi hann gilt til 31. mars 2023. Frá þeim tíma hafi Landspítalanum borið að fara með kjör starfsmannsins eftir kjarasamningi stefnanda og stefnda, enda vari binding launa og kjara starfsfólks ekki lengur en til þess tíma þegar kjarasamningur fellur úr gildi. Vegna þessa miðist dómkrafa stefnanda við 1. apríl 2023, en til vara við síðara tímamark.

#### **Málsástæður og lagarök stefnda**

- 18 Stefnandi mótmælir því að stefnandi geti farið með samningsaðild fyrir A við gerð kjarasamninga við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna starfa hennar sem lyfjafræðingur hjá Landspítala.
- 19 Stefnandi tekur fram að það sé ekki rétt að hann hafi skikkað starfsmanninn til aðildar að réttargæslustefnda, enda sé ágreiningslaust að henni sé heimilt að eiga aðild að stefnanda. Aftur á móti fari réttargæslustefndi með samningsaðild fyrir starfsmanninn vegna þess starfs sem hún gegni og beri Landspítalanum því að greiða gjöld til réttargæslustefnda óháð stéttarfélagsaðild hennar, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 og dóm Félagsdóms frá 22. september 1998 í máli nr. 4/1998.
- 20 Stefnandi vísar til þess að starfsmaðurinn hafi verið upplýst um að hún gæti ekki einhliða breytt forsendum gildandi ráðningarsamnings og að kjarasamningur réttargæslustefnda myndi áfram gilda um kjör hennar. Hafi þannig ekki verið lagðar hömlur á félagafrelsi starfsmannsins, en vegna 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 telji stefndi sér skylt að skila félagsgjaldi hennar til réttargæslustefnda. Því er mótmælt að sú afstaða jafngildi því að stefndi hlutist til um stéttarfélagsaðild starfsmannsins með ólögmetum hætti, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmálans.
- 21 Stefnandi byggir á því að réttargæslustefndi fari með samningsaðild fyrir A vegna þess starfs sem hún gegni hjá Landspítalanum. Samkvæmt 1. til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 haldi stéttarfélag þeirri samningsaðild sem það hafi haft vegna tiltekinna

starfa þótt starfsmaður segi sig úr félaginu, sbr. jafnframt 1. og 2. mgr. 7. gr. sömu laga.

- 22 Stefndi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 hafi aðeins eitt stéttarfélag rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 3. tölulið 5. gr. laganna. Réttargæslustefndi fari með þann rétt gagnvart A, svo sem fram komi í ráðningarsamningi hennar. Því er mótmælt að stefnandi hafi samið við stefnda vegna starfa lyfjafræðinga hjá Landspítala. Innan spítalans sé að finna þrjá starfsmenn sem séu menntaðir sem lyfjafræðingar en eigi ekki aðild að réttargæslustefnda. Enginn þeirra gegni starfi sem lyfjafræðingur innan spítalans. Einn starfi sem deildarstjóri verkefnastofu í Fræðagarði og sé ekki gerð krafa um lyfjafræðimenntun í því starfi. Hinir tveir séu með starfsheitið náttúrufræðingar og starfi annars vegar á rannsóknarkjarna spítalans og hins vegar á röntgendeild. Hvorugt starfanna sé skilgreint fyrir lyfjafræðinga og sé ekki gerð krafa um lyfjafræðimenntun. Falli störfin því ekki undir þá flokkun sem mælt sé fyrir um í stofnanasamningi réttargæslustefnda og Landspítalans.
- 23 Stefndi mótmælir því að stofnanasamningur stefnanda við Landspítalann geti gilt um starf A. Stofnanasamningurinn fjalli ekki um röðun eða röðunarforsendur vegna þeirra einstaklinga sem starfi sem lyfjafræðingar á spítalanum. Engin dæmi séu um að stofnanasamningurinn hafi gilt um störf lyfjafræðinga á Landspítalanum og geti hann ekki gilt um starfsmanninn.
- 24 Stefndi telur rangt að það leiði af 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 að stefnandi fari með samningsumboð fyrir A. Ekki sé uppi sú staða að tvö eða fleiri stéttarfélög fari með samningsumboð vegna starfa lyfjafræðinga hjá Landspítala. Á spítalanum starfi 54 lyfjafræðingar í 46 stöðugildum sem skilgreind séu sem lyfjafræðistörf. Um laun þessara starfsmanna og önnur starfskjör fari samkvæmt kjarasamningi réttargæslustefnda og stefnda, sem og stofnanasamningi þess félags við Landspítala. A starfi á deild klínískra lyfjafræðinga og starfi þar um 30 lyfjafræðingar sem allir heyri undir kjarasamning og stofnanasamning réttargæslustefnda.
- 25 Stefndi bendir á að innan spítalans sé að finna örfá tilvik þar sem samið hafi verið við fleiri en eitt stéttarfélag um sömu eða sambærileg störf. Fyrir slíku fyrirkomulagi séu sögulegar ástæður, svo sem vegna sameiningar Sjúkrahúss Reykjavíkur og Ríkisspítala og vegna annarra stofnana sem hafi runnið saman við Landspítala. Stærsti hópurinn sem þannig hátti til um séu ófaglærðir starfsmenn í aðhlyningu sem ýmist séu í Eflingu eða Sameyki, en í stofnanasamningum beggja stéttarféлага hafi sannarlega verið til staðar röðunarreglur og röðunarforsendur vegna sömu starfa.
- 26 Stefndi leggur áherslu á að í ráðningarsamningi A sé tilgreindur sá kjarasamningur sem aðilar voru sammála um að skyldi gilda um laun og önnur kjör hennar. Í ráðningarsamningi komi fram að um sé að ræða starf lyfjafræðings 4 og megi finna röðunarforsendur og launasetningu vegna þess starfs í stofnanasamningi

réttargæslustefnda og Landspítalans. Hafi starfsmanninum þannig verið ljóst að tiltekinn kjarasamningur yrði lagður til grundvallar launakjörum hennar og geti hún ekki einhliða breytt þeim eða þvingað Landspítalann til að gera slíkar breytingar.

- 27 Stefndi byggir á því að með gerð kjarasamnings við réttargæslustefnda hafi Landspítalinn mátt treysta því að farið yrði eftir þeim launakjörum sem samningurinn vísi til vegna þeirra starfa sem hann taki til. Slíkur fyrirsjáanleiki sé nauðsynlegur til að spítalinn geti viðhaldið samræmi og stöðugleika í rekstri sínum. Einstaka starfsmaður eða stéttarfélag geti ekki einhliða breytt slíku fyrirkomulagi og raskað þeim fyrirsjáanleika sem stjórnendum sé nauðsynlegur til að geta sinnt þessu starfi sínu. Mismunandi kjara- og stofnanasamningar starfsmanna sem stundi störf samkvæmt sömu starfslýsingu leiði til munar á launum og starfskjörum. Það blasi við að munur sé á kjarasamningum réttargæslustefnda og stefnanda, svo sem hvað varðar laun, vinnutíma og skipulag vinnu.
- 28 Því er mótmælt sem röngu og ósönnuðu að stefndi hafi í reynd fallist á kröfur stefnanda með því að viðurkenna rétt einstakra lyfjafræðinga sem starfi hjá ríkisstofnunum, þar með talið Landspítala, til þess að eiga aðild að stefnanda og að um kjör þeirra fari samkvæmt kjarasamningi stefnanda og stefnda. Áréttað er að kjarasamningur stefnanda gildi ekki um neinn starfsmann sem starfi sem lyfjafræðingur hjá Landspítala, en þeir tveir starfsmenn sem vísað sé til í stefnu sinni ekki störfum sem séu skilgreind fyrir lyfjafræðinga.
- 29 Verði fallist á kröfu stefnanda um viðurkenningu á samningsaðildarkröfu stefnanda er byggt á því að kjarasamningur stefnanda geti ekki orðið skuldbindandi um starf A fyrr en gerður hefur verið nýr kjarasamningur eftir 31. mars 2024. Í þeim efnunum er vísað til þess að gildandi kjarasamningur stefnanda fjalli ekki um röðun eða röðunarforsendur fyrir lyfjafræðinga og geti því ekki gilt um starfið.

#### **Málsástæður og lagarök réttargæslustefnda**

- 30 Réttargæslustefndi vísar til þess að hann sé landsfélag lyfjafræðinga og sé félagið meðal annars opið öllum sem lokið hafi háskólaprófi í lyfjafræði eða hlotið starfsréttindi sem lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar. Félagið hafi meðal annars það hlutverk að gera kjarasamninga fyrir félagsmenn og uppfylli skilyrði 3. töluliðar 5. gr. laga nr. 94/1986.
- 31 Réttargæslustefndi tekur fram að allir lyfjafræðingar sem starfi sem slíkir hjá Landspítala starfi samkvæmt kjarasamningi hans við fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Þá taki laun lyfjafræðinga mið af stofnanasamningi réttargæslustefnda og Landspítalans. Einn menntaður lyfjafræðingur sé félagsmaður stefnanda og taki kjör samkvæmt kjara- og stofnanasamningi félagsins. Viðkomandi hafi hins vegar ekki verið ráðinn til að sinna störfum lyfjafræðings heldur sem starfsmaður á röntgendeild.
- 32 Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 fari aðeins eitt stéttarfélag með samningsumboð fyrir hvern starfsmann. Hafi vinnuveitandi viðurkennt fleiri en eitt

stéttarfélag sem viðsemjanda með því að gera kjarasamninga við félögin geti vinnuveitandi hins vegar ekki einhliða ákveðið hvoru félaginu starfsmaður skuli tilheyra, sbr. til dæmis dóm Félagsdóms í máli nr. 3/2015.

- 33 Hvað varðar samningsfyrirsvar vegna starfa lyfjafræðinga hjá Landspítala sé ljóst að einungis hafi verið samið við réttargæslustefnda. Þá sé eingöngu fjallað um launaröðun lyfjafræðinga hjá hinu opinbera í kjarasamningi og stofnanasamningi réttargæslustefnda við stefnda. Fari réttargæslustefndi þannig með umboð til samninga fyrir lyfjafræðinga sem starfi hjá Landspítalanum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986. Það leiði af 2. mgr. 7. gr. laganna að vinnuveitandi skuli halda eftir af launum starfsmanns gjaldi til réttargæslustefnda sem samsvari því sem greiða beri til félagsins væri hún félagsmaður réttargæslustefnda.
- 34 Hvað varðar síðari dómkröfu stefnanda bendir réttargæslustefndi á að það hafi verið talið leiða af 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 að þrátt fyrir úrsögn starfsmanns úr stéttarfélagi sé hann áfram bundinn af kjarasamningi stéttarfélagsins meðan hann sé í gildi, enda gegni viðkomandi starfi sem samningurinn taki til. Réttargæslustefndi hafi um árabíl gert kjarasamninga við fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins vegna félagsmanna sem starfi hjá hinu opinbera. A hafi verið ráðin til starfa hjá Landspítala sem lyfjafræðingur og verið félagsmaður réttargæslustefnda. Á þeim tíma hafi verið í gildi kjarasamningur réttargæslustefnda og stefnda sem hafi gilt til 31. mars 2019. Rétt sé að miða við að gildistími kjarasamningsins hafi liðið undir lok 1. apríl 2023, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, enda þótt samningurinn hafi tvívegis verið framlengdur.
- 35 Að mati réttargæslustefnda verði að líta til þess að ráðningar- og launakjör sem samið hafi verið um séu skuldbindandi fyrir aðila. Þótt réttur starfsmanns til að greiða félagsgjöld til þess stéttarfélags sem hann óskar sé virtur sé viðkomandi bundinn af þeim ráðningarsamningi sem hann hafi gert, þar með talið af vísan hans til kjarasamnings. Starfsmenn geti ekki breytt ráðningarkjörum sínum einhliða með því að breyta viðmiðunarkjarasamningi. Hafa megi hliðsjón af 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938 og líta svo á að starfsmaðurinn sé áfram bundin af ráðningarsamningi, þar með talið tilvísun til kjarasamnings, þangað til honum er sagt upp eða breytt með samkomulagi aðila.

### **Niðurstaða**

- 36 Mál þetta, sem varðar samningsaðild stéttarfélaga og gildi kjarasamnings fyrir tiltekinn starfsmann, á undir Félagsdóm samkvæmt 1. og 3. tölulið 26. gr. laga nr. 94/1986.
- 37 Svo sem rakið hefur verið lýtur ágreiningur aðila að því hvort stefnandi fari með samningsaðild fyrir A við kjarasamningsgerð og hvort um kjör hennar sem lyfjafræðings á Landspítalanum skuli gilda kjarasamningur stefnanda eða réttargæslustefnda við stefnda.

- 38 Umræddur starfsmaður hóf störf á Landspítalanum í janúar 2019 og kom fram í ráðningarsamningi að um kjör hennar gildi kjarasamningur réttargæslustefnda og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Það er ágreiningslaust að laun og önnur starfskjör starfsmannsins hafa tekið mið af fyrrgreindum kjarasamningi og af launaröðun samkvæmt stofnanasamningi réttargæslustefnda og Landspítalans. Starfsmaðurinn átti aðild að réttargæslustefnda fram til 1. júlí 2021 en frá þeim tíma hefur hún verið félagsmaður í stefnanda. Þrátt fyrir breytta stéttarfélagsaðild telur stefndi að um laun og kjör starfsmannsins gildi áfram kjarasamningur réttargæslustefnda og stefnda, sem og stofnanasamningur Landspítalans og réttargæslustefnda. Stefnandi telur þessa afstöðu í andstöðu við 74. gr. stjórnarskrárinnar, 11. gr. mannréttindasáttmálans og ákvæði laga nr. 94/1986.
- 39 Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 er gert ráð fyrir því að almennt hafi eitt stéttarfélag rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt. Þannig gildir að jafnaði einn kjarasamningur um laun og önnur kjör þeirra sem sinna sams konar starfi hjá tilteknum vinnuveitanda. Frá þessu eru frávik og hefur verið talið að þegar til staðar eru tveir jafngildir kjarasamningar við tvö stéttarfélög um sömu störf hafi vinnuveitandinn ekki forræði á því hvor kjarasamningurinn gildi, sbr. til hliðsjónar dóma Félagsdóms frá 17. júlí 2015 í máli nr. 3/2015 og frá 6. apríl 2006 í máli nr. 1/2006. Þessu til stuðnings hefur dómstóllinn meðal annars vísað til réttar manna til að ganga í stéttarfélög að eigin vild og til þess að megininntak aðildar að stéttarfélögum sé samningsfyrirsvar félaganna við kjarasamningsgerð, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.
- 40 Eins og hér háttar til hafa réttargæslustefndi, sem er landsfélag lyfjafræðinga, og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um langt skeið gert kjarasamninga sem taka til starfa lyfjafræðinga. Samkvæmt lögum réttargæslustefnda geta allir átt aðild að félaginu sem hafa lokið háskólaprófi í lyfjafræði eða hlotið starfsréttindi sem lyfjafræðingar eða aðstoðarlyfjafræðingar, eða lyfjafræðinemar sem hafa tímabundið leyfi til að gegna störfum aðstoðarlyfjafræðings eftir fjórða námsár, , sbr. nánar 4. grein laganna.
- 41 Á grundvelli kjarasamnings réttargæslustefnda og stefnda hafa stéttarfélagið og Landspítalinn gert stofnanasamninga um forsendur launaröðunar starfa lyfjafræðinga á spítalanum. Samningarnir taka eingöngu til lyfjafræðinga á Landspítalanum sem njóta ráðningarkjara samkvæmt fyrrgreindum kjarasamningi.
- 42 Þegar A var ráðin til starfa var í gildi stofnanasamningur frá 14. júní 2016, en nýr samningur tók gildi 20. október 2023. Í 3. grein eldri samningsins er fjallað um starfaflokkun með tilliti til launa og grunnröðunar. Gert er ráð fyrir eftirfarandi flokkum: Lyfjafræðingur 1 / almennur lyfjafræðingur, lyfjafræðingur 2 / almennur lyfjafræðingur, cand.pharm. / MSc., lyfjafræðingur 3 / sérhæfður lyfjafræðingur, lyfjafræðingur 4 / verkefnastjóri og yfirlyfjafræðingur / deildarstjóri. Nánar er fjallað um þætti til ákvörðunar við launaröðun í öðrum ákvæðum samningsins og fylgiskjali



1, en þar er meðal annars vikið að menntun lyfjafræðinga og litið til þess hvort starfsmenn geti talist sérhæfðir lyfjafræðingar að virtri þjálfun innan Landspítalans. Fjallað er um starfaflokkun með tilliti til launaröðunar í 4. grein þess stofnanasamnings sem nú er í gildi og er gerður greinarmunur á flokkunum lyfjafræðingur A, lyfjafræðingur B, lyfjafræðingur C1-C3, lyfjafræðingur D1-D4, lyfjafræðingur E1-E2, verkefnastjóri, aðstoðardeildarstjóri, sérfræðingsstarf og deildarstjóri. Nánar er fjallað um skilgreiningar á flokkunum í fylgiskjali 1 og er meðal annars tekið fram í inngangi að lyfjafræðingar á Landspítala beri ábyrgð á að bæta lyfjaöryggi sjúklinga og á klínískum verkefnum á því sviði í samræmi við stefnu, gildi og markmið Landsspítala.

- 43 Ráðið verður af gögnum málsins að um laun og kjör þeirra sem starfa sem lyfjafræðingar á Landspítalanum gildi kjarasamningur réttargæslustefnda og stefnda, sem og stofnanasamningur stéttarfélagssins við réttargæslustefnda. Aftur á móti ligur fyrir að innan spítalans starfa þrír einstaklingar sem eru menntaðir sem lyfjafræðingar en njóta ekki kjara á þeim grunni. Gögn málsins styðja þann máltilbúnað stefnda að umræddir starfsmann starfi ekki sem lyfjafræðingar, heldur starfi einn sem deildarstjóri verkefnastofu í Fræðagarði og tveir sem náttúrufræðingar á rannsóknarkjarna spítalans og á röntgendeild.
- 44 Stefnandi hefur fyrir hönd félagsmanna sinna gert kjarasamninga við fjármálaráðherra og er nú í gildi kjarasamningur frá 28. febrúar 2018 sem var síðast framlengdur til 4. apríl 2023. Samkvæmt lögum stefnanda geta átt fulla aðild að félaginu þeir sem hafa „lokið a.m.k. bakkalár-prófi eða sambærilegri menntun og starfa á þeim sviðum sem félagið hefur samningsumboð fyrir“, sbr. 3. grein laganna. Stefnandi hefur gert stofnanasamning við Landspítalann, sem er byggður á gildandi kjarasamningi, og er hann ekki bundinn við tiltekin starfsheiti eða starfsstétt. Fjallað er um röðun starfa í 4. grein gildandi stofnanasamnings og eru þau greind í S1, S2, S3, S4, aðstoðardeildarstjóra og deildarstjóra. Nánar er mælt fyrir um þau skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt fyrir hvern flokk í greininni og er þar meðal annars vikið með almennum hætti að sjálfstæði í starfi, ábyrgð, umsjón með verkefnum og stjórnun. Þá er tekið fram að sé gerð krafa um viðbótarmenntun í starfslýsingu skuli tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk.
- 45 Samkvæmt framangreindu hefur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs bæði gert kjarasamning við stefnanda og réttargæslustefnda sem taka til starfa á Landspítalanum. Sá munur er hins vegar á umræddum kjarasamningum, að með kjarasamningi við réttargæslustefnda hefur stefndi samið sérstaklega um kjör lyfjafræðinga sem starfa hjá íslenska ríkinu og er samningurinn bundinn við þá starfsstétt. Þá er mælt nánar fyrir um launaröðun lyfjafræðinga sem starfa á Landspítalanum með hliðsjón af inntaki starfa þeirra í stofnanasamningi réttargæslustefnda og spítalans.

- 46 Kjarasamningur stefnanda og stefnda er aftur á móti ekki bundinn við tiltekna starfsstétt, enda starfa félagsmenn stéttarfélagsins á fjölbreyttum vettvangi svo sem fram kom í skýrslu Runólfs Vignissonar, lögfræðings hjá stefnanda, fyrir Félagsdómi. Þá gera lög stefnanda, svo sem áður greinir, eingöngu ráð fyrir því að félagsmenn hafi lokið tilteknu námi og að félagið fari með samningsumboð á því sviði sem um ræðir. Að virtri afmörkun á aðild að stefnanda samkvæmt lögum félagsins er ljóst að kjarasamningurinn getur tekið til fjölda starfsstétta og að félagsmenn starfa á ýmsum sviðum. Að sama skapi er stofnanasamningur stefnanda og Landspítalans, svo sem fyrr greinir, ekki bundinn við tiltekin starfsheiti eða starfsstétt.
- 47 Að öllu framangreindu virtu verður lagt til grundvallar að stefndi hafi eingöngu samið við réttargæslustefnda um störf lyfjafræðinga á Landspítalanum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986. Er því ekki unnt að líta svo á að til staðar séu tveir jafngildir kjarasamningar stefnda við réttargæslustefnda og stefnanda sem taki til sömu starfa. Réttarstaðan er að því leyti frábrugðin þeirri stöðu sem var til skoðunar í fyrrgreindum dómi Félagsdóms í máli nr. 3/2015 og öðrum dómum sem stefnandi hefur vísað til.
- 48 Það er ágreiningslaust að þeim starfsmanni sem um ræðir er heimilt að eiga aðild að stefnanda, sbr. 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það leiðir aftur á móti af 1. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 7. gr. laganna, og kjarasamningi stefnda við réttargæslustefnda um störf lyfjafræðinga, að réttargæslustefndi fer einn með rétt til samningsgerðar við stefnda vegna starfa lyfjafræðinga á Landspítalanum. Þá fer um kjör starfsmannsins samkvæmt kjarasamningi réttargæslustefnda og stefnanda, líkt og á við um aðra sem starfa sem lyfjafræðingar á Landspítalanum og tilgreint er í ráðningarsamningi hennar. Með þessu fyrirkomulagi, sem reist er á lögum nr. 94/1986, er sett umgjörð um ráðstöfun samningsréttar vinnuveitenda og stéttarfélaga og stefnt að því að sömu kjör gildi um sams konar störf hjá tilteknum vinnuveitanda og hvílir það á málefnalegum grunni. Eins og atvikum er háttað verður því ekki fallist á að afstaða stefnda brjóti gegn réttinum til félagafrelsis eða öðrum réttindum sem því tengjast.
- 49 Samkvæmt því sem rakið hefur verið verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.
- 50 Að virtum úrslitum málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda og réttargæslustefnda málskostnað, eins og nánar greinir í dómsorði.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið vegna Landspítala, er sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga.

Stefnandi greiði stefnda 600.000 krónur í málskostnað.

Stefnandi greiði réttargæslustefnda, Lyfjafræðingafélagi Íslands, 200.000 krónur í málskostnað.

